



HRUNAMANNAHREPPUR

41. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

5. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 7. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Herbert Hauksson, Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 18, umsagnarbeiðni frá Sýslumanni um tækifærisleyfi til tímabundinna áfengisveitinga fyrir hagarðingakvöld. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- 1. Afréttarmálanefnd: Fundargerð 7. fundar frá 20. febrúar 2024.**
Lögð fram fundargerð 7. fundar Afréttarmálanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og yfirmanni eignasjóðs og sveitarstjóra er falið að vinna að tillögum að endurbótum á skálanum í Svínárnesi og áframhaldandi vegbótum í Tungufellsdal í samræmi við bókanir nefndarinnar.

- 2. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 21. febrúar 2024.**
- Liður 3 afgreiddur sérstaklega.
Lögð fram fundargerð 8. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Varðandi lið 3 – styrkbeiðni vegna traktorstorfærunnar á Flúðum um Versló samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við bréfitara sem og aðra sem koma að Traktorstorfærinni sem haldin er árlega á hátíðinni Flúðum um Versló með það fyrir augum að torfæran verði áfram sá mikli viðburður sem hún hefur verið.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar metnaðarfullum áformum um hátíðahöld og skemmtanir í sveitarfélaginu á árinu. Einnig hrósar sveitarstjórn nefndinni fyrir að hafa nú þegar ákveðið dagsetningar viðburða ársins sem ætti að auðvelda öllum að gera ráð fyrir þessum viðburðum í skipulagi hvers og eins.

- 3. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 27. febrúar 2024.**
- Liður 1 a og 1 b afgreiddir sérstaklega.
Lögð fram fundargerð 12. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Sveitarstjórn fagnar metnaðarfullum áformum um Heilsuviku Hrunamannahrepps 2024 og þá sérstaklega að skipulagning skuli nú þegar vera hafin og að tímasetning hafi verið ákveðin, 16.-22. september n.k.

Bjarney Vignisdóttir

DAS

JB

BV

Varðandi lið 1a þá samþykkir sveitarstjórn að ókeypis aðgangur verði að íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins þá daga sem Heilsuvikan 2024 stendur yfir.

Varðandi lið 1b þá samþykkir sveitarstjórn að fella niður leigu fyrir félagsheimilið vegna þeirra viðburði sem nefndin stendur fyrir í Heilsuvíkunni 2024.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar en punktar varðandi nýtingu þriðju hæðarinnar í íþróttahúsinu verða hafðir til hliðsjónar við framkvæmdirnar sem framundan eru.

**4. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 2. fundar frá 26. febrúar 2024.
- Liður 2, 4, 5, 6, 8, 10, 11 og 12 afgreiddir sérstaklega**

Lögð fram fundargerð 2. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Varðandi lið 2 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að halda áfram með undirbúning að lagningu vatnsveitu í uppsveit Hrunamannahrepps og mögulega vatnstöku í Blákvísl á Hrunamannafrétti í samræmi við þau tilmæli sem koma fram í bókun nefndarinnar.

Varðandi lið 4 samþykkir sveitarstjórn samhljóða að framkvæmdir við fráveitu í Akurgerði/Vesturbrún og flutningur á hreinsistöðinni við Birkihlíð verði boðnar út. Tenging húsa á Hofatúni við hreinsistöðina bíður síðari ákvörðunar.

Varðandi lið 5 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að tilboði frá Árna ehf um viðgerð á Holu1 verði tekið.

Varðandi lið 6 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða þá tillögu nefndarinnar um að ekki verði lögð vatnslögn að sumarhúsabyggð í Þrándarlundi Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Varðandi lið 8 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða samninginn við BSI um aðalskoðun leiksvæða.

Varðandi lið 10 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að keyptur verði bíll til þjónustumiðstöðvar að andvirði allt að 1,2 m.kr.

Varðandi lið 11 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að samið verði við Loftmyndir ehf um gerð þekju vegna götulýsingar í kortagrunni sveitarfélagsins.

Varðandi lið 12, þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að greitt verði fyrir bakvaktir í samræmi við tillögu þar um.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vegna liða 4, 5, 10 og 12 verði lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun um leið og endanlegur kostnaður einstakra aðgerða liggur fyrir en ljóst er að allar þessar aðgerðir eru mikilvægar og ekki undan því komist að bregðast við með skjótum hætti.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**5. Umhverfisnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 28. febrúar 2024.
- Liður 1 (bréfpokar) afgreiddur sérstaklega.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Umhverfisnefndar.

Varðandi lið 1, framtíð úrgangsmála, þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að öllum íbúum sem þess óska standi til boða eitt búnt af bréfpokum fyrir lífrænan úrgang en mikilvægt er að íbúar hætti að nota sterkjupoka fyrir þann úrgang en noti þess í stað bréfpoka sem til þessa eru ætlaðir.

Varðandi lið 2, lausaganga búfjár, þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram.

DGS  

Varðandi lið 3, ruslamálaráðherra, þá samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að Kolbrún Kristín Daníelsdóttir verði ruslamálaráðherra. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

6. Fundargerð 275. fundar skipulagsnefndar frá 28. febrúar 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 275. fundar skipulagsnefndar frá 28. febrúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 16. Svanabyggð 23: Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi lóðar Svanbyggðar 23 L166893. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum Sléttuvegar 2 og 3 og Svanabyggðar 24, 25 og 8 auk þess sem málið verði kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslur skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum Sléttuvegar 2 og 3 og Svanabyggðar 24, 25 og 8 auk þess sem málið verði kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 17. Hverabakki 2: Stækkun gróðurhúss; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn vegna hugsanlegrar stækkunar gróðurhúss á landi Hverabakka 2 L166774.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn. Að mati nefndarinnar væri æskilegt að unnið væri deiliskipulag sem tekur til uppbyggingar á viðkomandi lóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur æskilegt að unnið verði að deiliskipulagi sem tekur til uppbyggingar á viðkomandi lóð.

Mál nr. 18. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. febrúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. febrúar sl.

7. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 105. fundar stjórnar frá 14. febrúar sl.

- Ásamt uppfærðri fjárhagsáætlun seyruverkefnisins.

Lögð fram fundargerð 105. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs. ásamt uppfærðum ársreikningi seyruverkefnisins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings: Fundargerð stjórnar frá 13. febrúar sl.

- Liður 6 afgreiddur sérstaklega.

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings.

Varðandi lið 6, Öldungaráð Uppsveita og Flóa, samþykkir sveitarstjórn samhljóða tillögu stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings um að Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi verði formaður og Þröstur Jónsson, Hrunamannahreppi verði varaformaður.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

JS *CS*
DGS

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

9. Framkvæmdaráð Almanna- og Árnassýslu: Fundargerð 4. fundar frá 8. 02. sl.

- Ásamt ársreikning 2023.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Framkvæmdaráðs Almanna- og Árnassýslu ásamt ársreikningi.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 15. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 17. fundar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 233. fundar frá 12. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

12. Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 13.02. 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd um 112. mál frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (greiðsla meðlags).

Lagt fram til kynningar.

13. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 14. febrúar 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 96. mál Endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða af sveitarstjórn:

Sveitarstjórn telur að miklir möguleikar felist í uppbyggingu Kjalvegur og hvetur þingmenn til að veita tillögunni brautargengi.

Kjalvegur sem byggður yrði upp sem heilsársvegur með fullri burðargetu gæti gjörbreytt umferð um landið og stuðlað að breytingu í byggðamynstri og uppbyggingu í hinum dreifðari byggðum. Með betri vegi sem tryggir styttri ferðatíma milli landshluta yrði til nýtt flæði milli Suðurlands og Norðurlands með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á ferðaþjónustu og atvinnulíf almennt.

Vert er að geta þess að með nýjum og betri Kjalvegi myndi vegalengdin milli Flúða og Akureyrar stytta um 224 km og verða tveggja og hálf títíma ferðalag í stað þess að í dag fer lunginn úr deginum í slíka ferð.

Sveitarstjórn vill jafnframt minna á mikilvægi þess að veginum verði fundinn staður á besta mögulega stað og reynt verði eftir megni að sneiða hjá snjóþungum og veðurfarslega erfiðum svæðum en Bláfellsháls hefur oft verið nefndur sem farartálmi í því samhengi.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að veita málinu brautargengi, slíkt yrði farsælla en nokkrum gæti óráð fyrir.

14. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 16. febrúar 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 115. mál Búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Stjórnarráði Íslands frá 5. febrúar 2024

Lagt fram bréf frá Stjórnarráði Íslands í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024.

Í bréfinu er kynntur sá undirbúningur sem nú á sér stað á vegum Stjórnarráðsins vegna hátíðahalda í tilefni af afmæli lýðveldisins. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar til umfjöllunar. Að öðru leyti er erindið lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis frá 21. febrúar 2024.

Lagt fram bréf frá umboðsmanni Alþingis vegna erindis frá Margréti Eyfells þar sem fram kemur að umboðsmaður telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þeirrar kvörtunar sem honum var send enda hafi erindi Margrétar þegar verið svarað af sveitarfélaginu.

Lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá Matvælaráðuneytinu frá 14. febrúar 2024.

Lagt fram bréf frá Matvælaráðuneytinu vegna regluverka um búfjarbeit en þar eru sjónarmið ráðuneytisins lögð fram ásamt nokkrum atriðum sem sveitarfélög gætu hugsanlega framkvæmt hvert á sínu svæði.

Erindið lagt fram til kynningar.

18. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna tækifærisleyfis til tímabundina áfengisveitinga fyrir hagræðingakvöld.

Erindið lagt fram ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

19. Bréf frá Landi og skógum frá 27. febrúar 2024.

Lagt fram bréf frá Landi og skógum þar sem óskað er eftir ábendingum sem nýst geta við vinnuna við að móta tillögur að endurskoðuðu stuðningskerfi í skógrækt og landgræðslu.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umhverfisnefndar.

20. Bréf frá Menntamálastofnun frá 23. febrúar 2024.

Lagt fram bréf frá Menntamálastofnun vegna útgáfu bókarinnar Orð eru ævintýri sem verður gjöf til allra barna á Íslandi sem fædd eru árin 2018, 2019 og 2020 auk þess sem allir skólar fá afhend eintök af bókinni. Á næsta ári fá öll börn fædd 2021 bókina og svo nýr árgangur barna á þriðja aldursári ár hvert á komandi árum.

Sveitarstjórn vill, fyrir hönd barna í Hrunamannahreppi, þakka höfðinglega gjöf Menntamálastofnunar. Bókinni hefur þegar verið dreift til barna í tilgreindum árgöngum Leikskólans Undralands á Flúðum en vonandi verður bókin bæði til gagns og gleði til framtíðar.

21. Bréf frá Vegagerðinni frá 29. febrúar 2024.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni vegna tilkynningar um fyrirhugaða niðurfellingu Fossvegur 2 (3524-01) af vegaskrá.

Sveitarstjórn telur að tilkynning þessi byggji á misskilningi og felur sveitarstjóra að leiðrétta þann misskilning við Vegagerðina.

22. Bréf frá Gallup, ódags

Lagt fram bréf frá Gallup vegna þátttöku í könnuninni Sveitarfélags ársins 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka ekki þátt í könnuninni þetta árið.

*SV
DGS*

23. Samningur við Ásæl.

Fyrir liggur samningur milli Hrunamannahrepps og ÁSÆL, áhugafélagi um uppbyggingu sæluhúsa á Hrunamannafrétti. Tilgangur samningsins er að viðhaldið verði þeim menningararfi sem felst í gömlum sæluhúsum á afrétti Hrunamanna og að viðurkennt sé mikilvægi sjálfbodinna starfa eins og þeirra sem félagar í ÁSÆL hafa sinnt við uppbyggingu og viðhald sæluhúsa á afréttinum undanfarna tvo áratugi.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og vonast til þess að félagsmenn haldi áfram að láta gott af sér leiða í þágu samfélagsins og Hrunamannafréttar.

24. Samningur við Vegagerðina.

Fyrir liggur samningur milli annars vegar Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjarhrepps og hins vegar Vegagerðarinnar um yfirtöku sveitarfélaganna tveggja á gömlu brúnni yfir Stóru Laxá. Brúin sem liggur samhliða þeirri nýju fengi þar með nýtt hlutverk sem göngu- og reiðleið.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða með þeim breytingum að skýrt verði tilgreint að enginn kostnaður muni falla á sveitarfélagið við niðurrif og/eða skil á brúnni komi til þess á einhverjum tímapunkti.

25. Minnisblað frá Consello frá 15. febrúar 2024.

Lagt fram minnisblað frá Consello vegna yfirferðar á töxtum og iðgjöldum váttrygginga.

Lagt fram til kynningar en með nýju útboði váttrygginga sveitarfélagsins hefur náðst umtalsverð hagræðing á þeim málaflokki.

26. Minnisblað vegna dagþjónustu fyrir aldraða frá 1. mars 2024.

Lögð fram drög að minnisblaði vegna undirbúnings umsóknar um dagþjónustu/dagdvalarrými fyrir aldraða í Uppsveitum Árnassýslu.

Sveitarstjórn fagnar því að málið sé komið á þennan reksþöl og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.

27. Úthlutun lóða, umsóknir liggja fyrir á fundinum.

Fyrir fundinum liggja 37 umsóknir um 13 lóðir. Dregið var á milli umsækjenda og er niðurstaða svohljóðandi:

Túngata 7 – einbýlishús

Hjalte Sigurðsson kt. 260186-2999

Túngata 9 – einbýlishús

Steinar Resort ehf. kt. 601216-1240

Til vara:

Ylhús ehf kt. 580321-2590

Iðjuslóð 17 (iðnaðarhús)

Ylhús ehf kt. 580321-2590

Loðmundartangi 1-3 - parhús

Föxur ehf kt. 640120-0370

Til vara:

Jökulverk ehf. kt. 500418-1090

Loðmundartangi 5-7 – parhús

Jökulverk ehf. kt. 500418-1090

Til vara:

Elías Víðisson kt. 090476-4599

DGS

SB BZ

Loðmundartangi 9-11 – parhús

Jökulverk ehf. kt. 500418-1090

Til vara:

Föxur ehf kt. 640120-0370

Loðmundartangi 2-4 – parhús

Elías Víðisson kt. 090476-4599

Til vara:

Ylhús ehf kt. 580321-2590

Loðmundartangi 6-8 – parhús

Steinar Resort ehf. kt. 601216-1240

Til vara:

Föxur ehf kt. 640120-0370

Loðmundartangi 10-12 – parhús

Jökulverk ehf. kt. 500418-1090

Til vara:

Elías Víðisson kt. 090476-4599

Loðmundartangi 13-17 (raðhús, 3 íb)

Múr- og Málningarþjónustan Höfn ehf. kt. 660190-2019

Til vara:

Eignarhaldsfélagið Normi ehf kt. 690774-0119

Loðmundartangi 14-20 (raðhús, 4 íb)

Eignarhaldsfélagið Normi ehf kt. 690774-0119

Til vara:

Vogaröst ehf kt. 450307-0680

Loðmundartangi 22 (einbýlishús)

Ingiber Óskarsson kt. 150957-3549

Loðmundartangi 24 (einbýlishús)

Elías Víðisson kt. 090476-4599

Mál til kynningar:

28. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 943. fundar stjórnar frá 9.2.2024.

Lagt fram til kynningar.

29. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 944. fundar stjórnar frá 23.2.2024.

Lagt fram til kynningar.

30. Boð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. þann 14 mars n.k.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjóri er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum í samræmi við reglur sjóðsins.

31. Boð frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga á Málþing um orkumál þann 15. mars n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:29

Þjarney Dignisdóttir

Dati Geir Samuelsson